

Eineltisáætlun Grandaborgar

Unnin upp úr viðbragðsáætlun skóla- og frístundarsviðs vegna eineltis meðal starfsmanna

Skilgreining eineltis

Samkvæmt reglugerð nr. 1009/2015, um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum, er:

Einelti: Síundurtekin hegðun sem almennt er til þess fallin að valda vanlíðan hjá þeim sem fyrir henni verður, svo sem að gera lítið úr, móðga, særa eða ógna viðkomandi eða að valda honum ótta. **Kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni, andlegt og líkamlegt ofbeldi fellur einnig hér undir.**

Skoðanaágreiningur eða ágreiningur vegna ólíkra hagsmuna fellur ekki hér undir, hvorki milli stjórnanda og starfsmanns eða tveggja eða fleiri starfsmanna enda sé skoðanaágreiningur eða hagsmunaárekstur hvorki viðvarandi eða endurtekinn kerfisbundið.

Ef um einelti er að ræða þurfa meðal annars eftirfarandi atriði að vera til staðar:

- Lítilsvirðandi eða neikvæð framkoma sem ætluð er til að niðurlægja viðkomandi.
- Þolandi eineltis á erfitt með að verjast framkomunni sem leiðir til vanlíðunar hjá honum.
- Háttsemi þarf að eiga sér stað nokkrum sinnum.
- Framkoma þarf að eiga sér stað lengra tímabil t.d. þrjá til sex mánuði.

Birtingarmyndir eineltis geta verið með ýmsum hætti s.s.:

- Misnotkun valds
- Óréttmætri starfstengdri gagnrýni
- Meiðandi sögusögnum sem komið er af stað.
- Starfsmaður er lítillækkaður, útilokaður eða beittur andlegu og/eða líkamlegu ofbeldi.

Bæði stjórnendur og samstarfsmenn geta verið gerendur í eineltismálum.

Hvert getur aðili leitað ef hann telur sig verða fyrir meintu einelti á vinnustað?

Þolandi eða vitni að einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni eða ofbeldi á vinnustað geta komið upplýsingum til:

- Stjórnanda leikskólans
- Trúnaðarmanns/öryggistrúnaðarmanns/öryggisvarðar leikskólans
- Eineltis- eða viðbragðsteymi leikskólans
- Eineltisteymis SFS
- Stéttarfélags starfsmanns.

Komi fram ábending/kvörtun um meint einelti ber ávallt að taka hana alvarlega og bregðast við á faglegan hátt. Leggja skal áherslu á að leysa málið eins fljótt og hægt er.

Hægt er að fara tvær leiðir við að leysa mál. Með óformlegum eða formlegum hætti. Ef mögulegt er skal byrja á því að reyna að leysa málið með óformlegum hætti innan leikskólans.

Óformleg leið

- Yfirmaður miðlar málum. Ræðir bæði við meintan þolanda og meintan geranda, sitt í hvoru lagi og kynnir sér sjónarmið beggja.
- Leitar eftir tillögum frá báðum aðilum um lausn á málinu.
- Fylgist með að unnið sé að lausn.
- Bent er á að starfsmenn hafa rétt á að hafa trúnaðarmann með sér í viðtalið.

Formleg leið

Ef tilkynning um einelti berst eineltisteymi SFS er málið rannsakað með formlegum hætti og eftirfarandi ferli fer í gang.

- Tilkyningu eineltis berst eineltisteymi. Tilkyning getur borist frá meintum þolanda, yfirmanni, trúnaðarmanni, samstarfsmanni eða öðrum sem hefur orðið vitni að einelti.
- Mikilvægt er að meintur þolandi sé með greinagóða lýsingu á þeim atburðum sem hann telur að falli undir skilgreiningu um einelti.
- Viðkomandi máls á SFS upplýsir tilkynnanda um ferlið sem fer í gang þegar kvörtun um einelti berst. Ferlið fer aðeins í gang ef tilkynnandi samþykkir það.
- Ef tilkynnandi samþykkir ekki ferlið getur eineltisteymi SFS ekki tekið að sér könnun málsins.
- Eineltisteymið tekur málið til umfjöllunar að fengnu samþykki tilkynnanda, eins fljótt og auðið er og málið fer í forgang. Ef óskar er eftir því að aðilar utan SFS annist rannsókn málsins, t.d. vegna vanhæfni eineltisteymisins, tekur mannauðsstjóri SFS ákvörðun um slíkt.
- Meintur þolandi er boðaður á fund eineltisteymisins eigi síðar en fjórum virkum dögum eftir að tilkynning berst og ljúka könnun eins fljótt og auðið er.
- Eineltisteymið kannar málið með því að tala einslega við meintan þolanda, meintan geranda og yfirmann. Aðilar máls er bent á rétt þeirra til að hafa með sér trúnaðarmann í viðtalið. Vitni eru kölluð til ef ástæðar þykir. Hugað er að líðan meints þolanda og meints geranda og athugað hvort ástæða sé til að óska eftir aðstoð sálfræðings eða breyta vinnufyrirkomulagi hjá viðkomandi starfsmönnum á meðan á könnun stendur. Haldin er fundargerð fyrir hvern fund sem málsaðilar staðfesta með undirskrift sinni. Málsaðilar fá afhent afrit af fundargerðinni.

Eineltisteymið ræðir niðurstöðu málsins við meintan þolanda og yfirmann annars vegar og meintan geranda og yfirmann hins vegar.

- Ef niðurstaðan er sú að ekki sé um einelti að ræða skal skoða hvernig brugðist er við og hugað er að líðan starfsmanna.
- Ef niðurstaðan er sú að um einelti er að ræða skal hugað að líðan þolandans og gerandans. Til þess getur komið að yfirmaður þurfi að áminna geranda samkvæmt samþykktum Reykjavíkurborgar um réttindi og skyldur starfsmanna Reykjavíkurborgar. Eineltisteymi SFS getur einnig farið fram á að gerð sé aðgerðaráætlun innan leikskólans til að bregðast frekar við.
- Ef gerandi heldur uppteknum hætti þrátt fyrir málsmeðferð teljist lokið ber stjórnanda að bregðast við því skv. ofangreindri samþykkt sem getur leitt til áminningar eða uppsögn úr starfi.

Viðbragðsteymi Grandaborgar skipar

Leikskólastjóri

Aðstoðarleikskólastjóri

Sérkennslustjóri

Deildarstjóri þeirra deildar er málið varðar hverju sinni

Eineltisteymi SFS skipað

Auður Jónsdóttir, mannauðsráðgjafi

Jóhanna Marteinsdóttir, mannauðsráðgjafi

Guðný Reynisdóttir, mannauðsráðgjafi

Dagbjört Ásbjörnsdóttir, verkefnastjóri grunnskólaskrifstofu

Elísabet Helga Pálmadóttir, verkefnastjóri leikskólaskrifstofu

Grímur Atlason, ráðgjafi foreldra og skóla

Ragna Sigrún Kristjónsdóttir, lögfræðingur

Reykjavík 23.04.2019